

27. fundur kennararáðs

Efni fundar: Sjá fyrirbyggjandi dagskrá

Kópavogi, 23. febrúar 2023

Tilvísun: M23020198

Fundarmenn: Birgir Urbanic Ásgeirsson, Guðjón H. Hauksson, Guðmundur Engilbertsson, Helga Kristín Kolbeins, Jónína Hauksdóttir, Kristín Valsdóttir (fyrir Ingimar Ólafsson Waage), Kristín Jónsdóttir, Mjöll Matthíasdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir og Svandís Ingimundardóttir

Fjarverandi: Ingimar Ólafsson Waage

Fundarritari: Sonja Dögg Pálsdóttir

Dagskrá fundar:

1. Dagskrá og fundargerð 26. fundar kennararáðs
2. Kynningar á reglugerðinni: Endurgjöf frá nýafstöðnum kynningum (SÍ/FSL 22. og 23. febr. SMÍ/FS 22. febr. Starfandi kennarar: Trúnaðarmenn 9., 10. og 16. febr.
Næstu kynningar
3. Starfsþróun
4. Önnur mál

Umræður og ákvarðanir:

1. Engar athugasemdir gerða á fundargerð síðasta fundi og hún samþykkt.
2. Jónína sagði frá því að þegar hefðu verið haldnir þrjár kynningarfundir í febrúar sem allir hafa gengið vel. Fjallað var m.a. um tengingu hæfnirammans við auglýsingar og hæfni kennara í íslensku skv. reglugerðinni.

Skólameistarafélag Íslands stefnir á kynningarfund í mars. Rætt hefur verið að gagnlegt væri að SMÍ og Félag stjórnenda í framhaldsskólum verði með einn sameiginlegan kynningarfund.

Fram kom að nú væri tilefni til að endurskoða leiðbeiningar við ráðningar í samræmi við hæfniviðmið sem birtast í reglugerð, ekki síst viðmið um hæfni í íslensku og stungið upp á því að málið verði sett á dagskrá næsta fundar.

Háskólar horfa til hæfniviðmiða við mótun starfsþróunarnámskeiða, ekki síður en við mótun inntaks kennaranáms.

Rætt var hvernig skoska kennararáðið hefði innleitt skoska hæfnirammann og að gagnlegt gæti verið að horfa til þeirrar nálgunar. Brýnt að kennarar geti nýtt hæfniviðmiðin sem leiðsögn í sinni starfsþróun.

Meðlimir kennararáðs minntir á að fylla út í formið á Teams eftir hverja kynningu þar sem gögnum er safnað saman sem nýttast kennararáði.

3. Rætt var um tillögur sem lagðar voru fram í skýrslu samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og hvort tilefni væri til að taka þær til umfjöllunar innan kennararáðs. Hluti þeirra er þegar í farvegi.

Fulltrúar KÍ lögðu fram drög að minnisblaði um starfsþróun til umfjöllunar og var lagt til í lok fundar að formaður og varaformaður ráðsins og fulltrúar KÍ myndi funda og ræða nánar um málið áður en endanlegt minnisblað verður lagt fyrir kennararáð til frekari umfjöllunar og ákvarðanatöku.

4. Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi slitið kl. 15:00

Næsti fundur:

23. mars 2023

Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara: SDP